

Hlymsdalir

Meginhlutverk: Meginhlutverk Hlymsdala er að bjóða upp á aðstöðu til að auka og viðhalda virkni og fyrirbyggja og rjúfa félagslega einangrun.

Hlymsdalir þjóna öllum íbúum sveitarfélagsins og er meginúrræði félagsþjónustunnar til að uppfylla ofangreint markmið (sem snertir alla þá sem ekki eru á vinnumarkaðinum, t.d. öryrkja, atvinnuleitendur, eldri borgara og heimavinnandi). Í Hlymsdölum er einnig starfrækt félagsstarf fyrir eldri borgara skv. lögum um málefni aldraðra auk þess að félag eldri borgara hefur afnot af aðstöðunni fyrir ákveðna þætti í sinni starfsemi.

Annað: Húsnæðið er rekið af félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs og getur nýst undir hvers kyns félagsstarf eldri borgara, þ.á m. viðburði tengdum félagsmönnum í Félagi eldri borgara.

Einnig getur húsnæðið nýst til ýmis konar fræðslu-, menningar- og samfélagslegra viðburða á vegum sveitarfélagsins.

Ef viðburðir eru haldnir í hagnaðarskyni eða án tengsla við félagsstarf og samfélagsleg málefni, skulu afnot af húsinu einungis veitt gegn gjaldtöku.

Félagsmálanefnd setur Hlymsdölum gjaldskrá sem staðfest skal af bæjarstjórn.

Gjaldskrá fyrir Hlymsdali

Fundir, fyrirlestrar, námskeið

<i>1-19 manns</i>	7.725
<i>20-39 manns</i>	15.450
<i>40-79 manns</i>	25.750
<i>80 og fleiri</i>	30.900
<i>Veisluhöld</i> <i>Sólarhringsleiga</i>	51.500

Samþykkt á fundi félagsmálanefndar 14.12.16

Samþykkt á fundi bæjarráðs 19.12.16